VIRÐING - VELLÍÐAN - VIRKNI

Öldutúnsskóli

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

# 7. bekkjarnámskrá

## Skólanámskrá Öldutúnsskóla



# Skólaárið 2023 - 2024

Skólanámskrá Öldutúnsskóla.
Útgefin 2023.
Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.
© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

**Útgáfustaður**: Hafnarfjörður.
**Ábyrgð**: Valdimar Víðisson, skólastjóri.

**Útgefandi**: Öldutúnsskóli
Öldutún 9
220 Hafnarfjörður

netfang: oldutunsskoli@oldutunsskoli.is
veffang: http://www.oldutunsskoli.is

# EFNISYFIRLIT


1 Skólastarf 7. bekkjar ..... 5
1.1 Samantekt kennslu í 7. bekk ..... 6
1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 7. bekk ..... 7
1.3 Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 7. bekk ..... 9
1.4 Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf ..... 10
1.5 Námsmat og vitnisburðarkerfi ..... 12
2 Námssvið og námsgreinar ..... 13
2.1 Lykilhæfni ..... 13
2.2 Íslenska ..... 15
2.2.1 Talað mál, hlustun og áhorf ..... 16
2.2.2 Lestur og bókmenntir ..... 17
2.2.3 Ritun ..... 19
2.2.4 Málfræði ..... 20
2.2.5 Íslenska sem annað mál ..... 21
2.3 Erlend tungumál Enska ..... 24
2.3.1 Enska ..... 25
2.3.2 Erlend tungumál Danska ..... 26
2.4 List- og verkgreinar ..... 29
2.4.1 Sjónlistir - myndmennt ..... 30
2.4.2 Heimilisfræði ..... 31
2.4.3 Hönnun og smíði ..... 31
2.4.4 Textílmennt ..... 32
2.5 Náttúrugreinar ..... 33
2.5.1 Náttúrufræði ..... 34
2.6 Samfélagsgreinar ..... 36
2.6.1 Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði ..... 37
2.6.2 Jafnrétti og lífsleikni ..... 38
2.6.3 Landafræði, saga og sam-/þjóðfélagsfræði ..... 39
2.7 Skólaíþróttir ..... 41
2.7.1 Íþróttir ..... 41
2.7.2 Skólasund ..... 43
2.8 Stærðfræði ..... 46
2.8.1 Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræði ..... 47

2.8.2 Tölur, reikningur og algebra....48
2.8.3 Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi ....49
2.9 Upplýsinga- og tæknimennt....51
2.9.1 Miðlamennt og skólasafnsfræði....51
3 Lokaorð....53

# 1 Skólastarf 7. bekkjar

Hlutverk þessa kafla er að kynna fyrir skólasamfélaginu megináherslur í starfsemi bekkjar svo það sé upplýst um framkvæmd skólastarfs í bekknum/árganginum. Það er m.a. gert til að foreldrar geti verið virkir þátttakendur í námi barna sinna á grundvelli uppeldisréttar síns. Um leið kynna kennarar fagmennsku skólastarfsins til að sýna fram á faglegt inntak og samhengi milli bekkja/árganga um þau gæði sem stefnt er að í skólastarfinu.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðarkerfi árgangs

## 1.1 Samantekt kennslu í 7. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar.

| Námssvið | Námsgreinar | Tímafjöldi í skóla á viku |
|---|---|---|
| 1. Íslenska | Talað mál, hlustun og áhorf<br>Lestur og bókmenntir<br>Ritun<br>Málfræði | 6 |
| 2. Erlend tungumál | Enska<br>Danska | 3<br>2 |
| 3. List- og verkgreinar | Sviðslistir (dans og leiklist)<br>Sjónlistir (myndmennt)<br>Tónmennt<br>Heimilisfræði<br>Hönnun og smíði<br>Textílmennt | 2<br>0,8<br>0,8<br>0,8<br>0,8<br>0,8 |
| 4. Náttúrugreinar | Eðlis- og efnavísindi<br>Jarð- og stjörnufræði<br>Lífvísindi<br>Umhverfismennt | 3 |
| 5. Skólaíþróttir | Íþróttir<br>Sund | 2<br>1 |
| 6. Samfélagsgreinar | Heimspeki, siðfræði og trúarbragðafræði<br>Jafnrétti og lífsleikni<br>Landafræði, saga, sam-/þjóðfélagsfræði | 5 |
| 7. Stærðfræði | Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar<br>Tölur, reikningur og algebra<br>Rúmfræði, mælingar, tölfræði og líkindi | 6 |
| 8. Upplýsinga- og tæknimennt | Miðlamennt og skólasafnsfræði<br>Tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni | 1 |
| Alls | | 35 tímar |

## 1.2 Áherslur grunnþátta menntunar í 7. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnþátta menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnþátta menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

| **Grunnþáttur menntunar** | **Áhersluatriði** |
|---|---|
| *HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:* | Það er unnið með *heilbrigði og velferð* í skólanum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• jákvæður skólabragur, SMT og Olweus, bekkjarfundir og reglukennsla, einkunnarorð skólans, virðing, virkni og vellíðan<br>• næringarfræðsla<br>• áhersla á hreyfingu úti og inni<br>• stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum<br>• efla skilning á eigin tilfinningum og annarra<br>• efla sjálfsstjórn og sjálfstraust<br>• unnið með sjálfsmyndina og jákvæð samskipti meðal jafnaldra og við þá sem eldri eru<br>• vinna að jákvæðum samskiptum við foreldra/forráðamenn, starfsfólk skóla og annað fólk í nærsamfélaginu<br>• efla vitund um kynheilbrigði |
| *JAFNRÉTTI:* | Það er unnið með *jafnrétti* út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• koma til móts við þarfir hvers og eins námslega, félagslega og andlega<br>• allir fái nám við hæfi<br>• kenna nemendum að setja sig í spor annarra<br>• búa nemendur jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, hvort heldur sem er í einkalífi, fjölskyldulífi eða atvinnulífi<br>• leggja áherslu á umburðarlyndi og víðsýni gagnvart fjölbreytileika mannlífsins svo sem, jafnrétti fjölmenningu, þjóðerni, trúarbrögðum, lífsskoðunum, kynhneigð og fötlun |
| *LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:* | Það er unnið með *lýðræði og mannréttindi* í skólanum þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• læra að setja sig í spor annarra með verkfærum SMT og Olweus<br>• hvetja nemendur til að tjá eigin skoðanir og að þeir fái tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið<br>• vinna markvisst að lýðræðislegri kennslu í skólastarfi svo sem hópvinnu, bekkjarfundum, þátttökunámi og samfélagsverkefnum.<br>• stuðla að því að nemendur beri ábyrgð á námi sínu og framkomu og að þeir þekki réttindi sín og skyldur<br>• hvetja nemendur til að bera umhyggju og virðingu fyrir fólki, dýrum og umhverfi sínu<br>• fræða um mannréttindi, stjórnsýslu, samfélagsmótun, borgaravitund og manngildi stuðla að hópavinnu<br>• auka siðferðisvitund<br>• efla ábyrgð, gagnrýna hugsun, samvinnu og samábyrgð |

| | |
|---|---|
| | • nemendur geti valið nám eftir áhugasviði |
| *LÆSI:* | Það er unnið með *læsi* út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• efla tölvu- og tæknilæsi<br>• nemendur læri og geti yfirfært aðferðir við lestur, ritun og hlustun og beitt þeim á fjölbreyttan hátt<br>• auka notkun á bókasafni og upplýsingamennt<br>• kenna nemendum að vera læsir á umhverfið<br>• efla vitund nemenda á bóklestri sér til gagns og ánægju<br>• efla læsi nemenda svo þeir geti nýtt það á sem fjölbreyttastan hátt, til dæmis við lestur, ritun, lesskilning, hlustun, talnalæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi og fleira. |
| *SJÁLFBÆRNI:* | Það er unnið með *sjálfbærni* út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• Öldutúnsskóli vinnur út frá sjö skrefum Grænfánans<br>• stuðla að aukinni umhverfisvitund með því að efla þekkingu og skilning á samspili náttúru, umhverfis og mannlífs<br>• gera sér grein fyrir eigin áhrifum á náttúruna og temja sér lífsvenjur sem stuðli að heilbrigði jarðar og jarðarbúa<br>• skila umhverfinu í ekki lakari ástandi til komandi kynslóða en við tókum við því<br>• takast á við margvísleg álitamál og ágreiningsefni<br>• stuðla að áhuga og vilja til þess að nemendur taki þátt samfélaginu<br>• kenna neytendafræðslu og fjármálalæsi |
| *SKÖPUN:* | Það er unnið með *sköpun* í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnþáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið:<br>• stuðla að frumkvæði einstaklingsins<br>• stuðla að ígrundun, persónulegu námi og frumkvæði í skólastarfi<br>• móta viðfangsefni og miðla þeim, eftir eigin sýn<br>• nota fjölbreyttar kennsluaðferðir og að nemendur verði virkir þátttakendur í náminu<br>• nýta eigin ímyndunarafl í verkefnavinnu<br>• byggja á eigin reynslu og byggja ofan á hana<br>• nemendur læri að taka ábyrgð á eigin námi og beri virðingu fyrir verkum sínum og annarra |

## 1.3 Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 7. bekk

***i. Kennsluaðstæður***

Í 7.bekk eru þrír hópar hver með sinn umsjónarkennara. 7. bekkur er staðsettur á efri hæð í B-álmu skólans, stofum 9, 10 og 11. Umsjónarhóparnir eiga hver sína heimastofu, sem eru hlið við hlið og hægt er að ganga á milli þeirra allra. Litið er á árganginn sem eina heild og hópnum reglulega skipt upp í mismunandi hópa í ýmsum námsgreinum. T.a.m. eru tungumál og náttúrufræði kennd í hópum þvert á árganginn, sem og í verkefnum í samfélgasfræði. Einn sérkennari er með árganginum. Sérkennari hefur kennslustofu til umráða, þar sem þeir geta tekið nemendur til sín eftir þörfum. Einnig koma þeir inn í kennslustundir og aðstoða þar. Umsjónakennarar kenna öll bókleg fög.
Nemendur hafa aðgang að bókasafni og geta fengið aðgang að tölvum þar. Allir nemendur hafa sitt eigið spjald í kennslustofunni, sem geymt er í læstum skáp í stofunni.
Íþróttir eru kenndar í Kaplakrika og í íþróttahúsinu við Strandgötu og í sund í Suðurbæjarlaug.
Nemendum er skipt í smiðjuhópa þvert á árgang í list- og verkgreinum og fer kennslan fram í viðkomandi stofum.

***ii. Kennsluáætlanir***

Kennsluáætlanir í hverri námsgrein eru gerðar fyrir skólaárið í heild og skipt upp í ákveðnar lotur. Kennsluáætlanir eru aðgengilegar inn á Mentor og eins eru nemendur með þær inn á Google classroom, sem þeir hafa aðgang að í spjöldum sínum.

***iii. Náms- og kennslugögn***

Í öllum kennslustofunum er skjávarpi og tússtöflur. Þar eru einnig Íslands-, Evrópu- og heimskort.

| | |
|---|---|
| *Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:* | • Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar).<br>• Aðgangur að tölvum, skjávörpum, ipad, myndvörpum, og hugbúnaði í skóla eftir þörfum.<br>• Tússtöflur. |
| *Ritföng nemenda og persónuleg hjálpar-gögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:* | Nemendur fá ritföng og önnur námsgögn í skóla |

## 1.4 Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf

- Tölvupóstur og Mentor er notað til að koma upplýsingum um heimanám, seinkomur, hrós, framkomu, nám og framvindu í námi til foreldra.
- Foreldrar eru hvattir til að koma upplýsingum er varða nám og líðan nemenda til kennara, hvort heldur sem er með tölvupósti, komu í viðtalstíma, símhringingum eða í samráði við kennara.
- Ástundun nemenda er skráð jafnóðum inn á Mentor og ástundun nemenda er síðan send heim vikulega af kennara í árganginum.
- Samtalstímabil eru tvisvar á ári, í september/október og aftur í febrúar.
- Upplýsingapóstur er sendur til foreldra með reglubundnum hætti þar sem sagt er frá því markverðasta í skólastarfinu.
- Líðanfundir eru haldnir tvisvar á ári, að hausti til í tengslum við kynningar til foreldra og fljótlega eftir áramót þar sem niðurstöður úr eineltiskönnun eru kynntar.
- Allir nemendur í skólanum eru með hæfnikort í öllum námsgreinum inni á Mentor. Hæfnikortið er þáttur í leiðsagnarmati skólans þar sem námsframvinda barnsins er rakin jafn óðum yfir veturinn. Stuðlar það að stöðugu og alhliða námsmati og reglulegu eftirliti með vinnu nemenda. Það er mikilvægt að nemandi og foreldrar fylgist vel með þróun hæfnikorts yfir veturinn og nýti það sem tæki til að bæta námsárangur og námsvitund sína.
- Námsmatsmappa með yfirliti yfir námsmat fer heim fyrsta föstudag í hverjum mánuði. Foreldrar eiga að skoða innihald möppunnar með nemendum og kvitta fyrir.
- Nemendur eiga að lesa upphátt heima fyrir einhvern fullorðinn a.m.k. fimm sinnum í viku í a.m.k. 15 mínútur. Kvitta á fyrir lestrinum í þar til gert hefti. Einnig eiga nemendur að skrifa í dagbók fimm sinnum í viku stutta samantekt um innihald textans. Kennarar halda utan um þetta bókhald og skrá vikulega á Mentor ef heimalestri er ólokið.
- Stjórn foreldrafélagsins sem og skólaráð fundar reglulega.
- Þegar heimavinna er sett fyrir fá nemendur heimavinnuna yfirleitt á mánudögum og eiga að skila henni til umsjónarkennara næsta mánudag. Með þessu er reynt að stuðla að sjálfstæði og ábyrgð nemenda á eigin námi og þjálfa þá í að skipuleggja nám sitt. Ekki er gert ráð fyrir heimavinnu um helgar en nemendur, sem það kjósa, geta nýtt helgar til að klára heimavinnu vikunnar þess vegna er heimavinnutími ein vika sem gefur lengri tíma til að vinna verkefni. Heimavinna er sett inn á Mentor.
- Heimavinna er í lágmarki og er vel ígrunduð þegar hún er. Um er að ræða bæði hefðbundna heimavinnu sem og óhefðbundna. Heimavinna er aðallega í íslensku og stærðfræði en einnig í öðrum námsgreinum eftir þörfum.
- Fréttir koma reglulega inn á heimasíðuna með upplýsingum um skólastarfið og almennar upplýsingar
- Nemendur hafa yndislestrarstund í 20 mínútur í upphafi hvers skóladags. Í lok hennar skrá nemendur í stílabók nokkrar setningar um hvað þeir voru að lesa og kennari kvittar fyrir.

- Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum svo sem vorhátíð, jólaföndri, fræðslufundum og fleiru
- Tvisvar sinnum yfir veturinn er lestrátak.

## 1.5 Námsmat og vitnisburðarkerfi

Námsmat í bekknum greinist í tvennt, leiðsagnarmat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

### Leiðsagnarmat

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Leiðsagnarmat miðar að því að meta framfarir nemenda í þeim tilgangi að nota niðurstöðurnar til að gera nauðsynlegar breytingar á námi og kennslu. Í leiðsagnarmati er fylgst með nemendum á námstímanum og þeim leiðbeint. Lögð er áhersla á fjölbreyttar matsaðferðir, s.s. kannanir, frammistöðumat, sjálfsmat, samræður o.fl., til að safna upplýsingum um stöðu nemenda, hvað þeir vita og geta og hvers þeir þarfnast til að ná betri árangri. A.m.k. tvisvar á ári er farið yfir stöðu nemenda á fundi með nemenda foreldra og umsjónarkennara.

### Lokamat

Lokamat hefur þann megintilgang að gefa upplýsingar um árangur náms og kennslu í lok námstíma skólaárs. Matsaðferðir við lokamat ákvarðast af markmiðunum en matið er oftast byggt á skriflegum prófum eða fjölbreyttum lokaverkefnum nemenda. Með lokamati er lögð áhersla á að meta þekkingu og skilning nemenda á námsefninu, hvernig þeim tekst að beita þekkingu sinni og hvernig þeir greina og nota mismunandi aðferðir við ákveðin viðfangsefni. Lokamat sýnir hversu vel nemendum gengur miðað við hæfniviðmið/námsmarkmið árgangsins.

Námsmat er unnið jafnt og þétt og niðurstöður birtar í hæfnikortum nemenda á Mentor

# 2 Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyra mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömuleiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megintilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta a.m.k.) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggs og unnin í hverju tilviki í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.

## 2.1 Lykilhæfni

Lykilhæfni er annar hluti þeirrar hæfni sem skólastarf stefnir að samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla (2011/2013). Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda og er óháð einstökum námssviðum eða námsgreinum. Hún felur í sér atriði eins og virkni nemenda til að tjá sig, færni í að vinna með öðrum og taka almennt ábyrgð á eigin námi. Viðmið um lykilhæfni gefa til kynna áherslur um hæfni sem nemendur eiga að geta tileinkað yfir skólaárið. Lykilhæfni skiptist í fimm undirþætti og eru þeir nefndir lykilþættirnir fimm og skal gefið mat, einkunn, fyrir hvern lykilþátt fyrir sig. Fyrir hvern lykilþátt eru skilgreind nokkur viðmið sem lýsa getu sem nemendur eiga að vera búnir að tileinka sér í lok skólaárs.

Það er ákvörðun skóla hvort lykilhæfni sé gefin fyrir árganginn í heild sinni (1x), hvert námssvið (8x) eða hverja námsgrein (um 20x) en alltaf eru sömu viðmiðin notuð.

**a. Hæfniviðmið og matskvarðalýsingar út frá A-D matskvörðum**

Fyrir árganginn gilda eftirfarandi hæfniviðmið um lykilhæfni sem eru sameiginleg fyrir grunnskóla Hafnarfjarðar auk matskvarða fyrir hvern lykilþátt og eiga við öll námssvið bekkjarnámskrárinnar:

| Lykilþættirnir fimm | A | B | C |
|---|---|---|---|
| TJÁNING OG MIÐLUN | Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á öruggan og skipulegan hátt og beitt orðaforða sem við á hverju sinni. Miðlað skýrt þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum og lagað tjáningu sína að viðmælendum. | Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt og beitt orðaforða sem við á hverju sinni. Miðlað þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum og lagað tjáningu sína að viðmælendum. | Tjáð hugsanir sínar og tilfinningar nokkuð skipulega og beitt orðaforða sem við á hverju sinni. Miðlað þekkingu sinni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum og lagað tjáningu sína að viðmælendum. |
| SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN | Af öryggi sett fram áætlun um úrlausn verkefna og búið til viðmið til að bæta eigin árangur. Nýtt sér vel niðurstöður við úrlausn verkefna og áttað sig á því að túlkun upplýsinga getur | Sett fram áætlun um úrlausn verkefna og búið til viðmið til að bæta eigin árangur. Nýtt sér niðurstöður við úrlausn verkefna og áttað sig á því að | Að nokkru leyti sett fram áætlun um úrlausn verkefna og búið til viðmið til að bæta eigin árangur. Nýtt sér að nokkru niðurstöður við úrlausn verkefna og áttað sig á því að túlkun |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | verið mismunandi. Gert sér vel grein fyrir því hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur. | túlkun upplýsinga getur verið mismunandi. Gert sér grein fyrir því hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur. | upplýsinga getur verið mismunandi. Gert sér að vissu marki grein fyrir því hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur |
| SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA | Tekið vel leiðbeiningum í námi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum. Gert sér **vel** grein fyrir styrkleikum sínum í leik og námi og unnið mjög vel í hópastarfi. Jafnan tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. | Tekið leiðbeiningum í námi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum. Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum í leik og námi og unnið vel í hópastarfi. Tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. | Tekið leiðbeiningum að einhverju leyti í námi og borið ábyrgð á eigin vinnubrögðum. Gert sér nokkuð vel grein fyrir styrkleikum sínum í leik og námi og stundum unnið vel í hópastarfi. Stundum tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt. |
| NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA | Af miklu öryggi notað margvíslega miðla við öflun gagna við nám á sjálfstæðan hátt og sýnt mikla ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga. | Notað vel margvíslega miðla við öflun gagna við nám og verið sjálfstæður, sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga. | Notað nokkuð vel margvíslega miðla við öflun gagna við nám og stundum sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga. |
| ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI | Gert sér mjög vel grein fyrir styrkleikum sínum og sýnt þá í náminu. Sett sér mjög vel markmið í námi og unnið vel eftir þeim. Skipulagt af öryggi eigið nám með leiðsögn með hliðsjón af hæfniviðmiðum. | Gert sér vel grein fyrir styrkleikum sínum og sýnt þá í náminu. Sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. Skipulagt vel eigið nám með leiðsögn með hliðsjón af hæfniviðmiðum. | Gert sér að einhverju leyti grein fyrir styrkleikum sínum og sýnt þá í náminu. Stundum sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim. Að vissu marki skipulagt eigið nám með leiðsögn með hliðsjón af hæfniviðmiðum. |

## 2.2 Íslenska

### Námshæfni - viðmið um hæfni í íslensku

Eftirfarandi viðmið eru lögð til grundvallar mati á námshæfni nemanda í lok árgangs (lokamat):

| Efnisþættir: | Viðmið um námshæfni í íslensku |
|---|---|
| *Talað mál hlustun og áhorf:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.<br>• Tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar.<br>• Tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum.<br>• Hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum.<br>• Nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt.<br>• Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi. |
| *Lestur og bókmenntir:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.<br>• Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.<br>• Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju.<br>• Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta.<br>• Lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað.<br>• Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap.<br>• Notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.<br>• Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum.<br>• Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga.<br>• Lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær. |
| *Ritun:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim.<br>• Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa.<br>• Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur.<br>• Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli á þann hátt sem hæfir tilefni. |

| | |
|---|---|
| | • Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun.<br>• Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda. |
| *Málfræði:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál<br>• Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra<br>• Notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra i texta<br>• Beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins<br>• Beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað<br>• Nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau texta<br>• Gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það<br>• Notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun<br>• Gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu |

### 2.2.1 Talað mál, hlustun og áhorf

Tímafjöldi: 1 tími (40 mín. kennslustund á viku að jafnaði yfir heilt skólaár).

**i. Viðfangsefni í náminu**

- Framsagnaræfingar og upplestur á mismunandi textagerðum
- Hlustað á upplestur á sögum og leikritum
- Hlustað á upplestur á bókum í nestistímum
- Bekkjarfundir
- Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina
- Kynningar í púlti
- Áhorf á flutning á verkefnum nemenda, bæði lifandi flutning sem og á myndböndum
- Tjáning

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Valdir textar í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina
- Töfraskinna – lesbók
- Orðspor 3 – lesbók og vinnubók
- Annar og þriðji Smellur
- Efni frá kennara
- Efni á vef
- Útprentað efni fyrir Stóru upplestrarkeppnina
- Myndefni

- Ljóðabækur

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Samvinnunám.
- Nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni.
- Nemendur þjálfast í upplestri með áherslu á framkomu, blæbrigði lestrar, líkamsstöðu, styrk raddar og tengingu við áheyranda.
- Nemendur flytja kynningar í samþættingu við aðrar námsgreinar.
- Nemendur horfa á flutning annarra nemenda á afrakstri verkefna.
- Nemendur vinna og leika í myndböndum í samþættingu við aðrar námsgreinar.
- Bekkjarfundir.
- Upplestur í nestistímum.
- Nemendur hlusta á námsefni í öllum námsgreinum lesið upp.
- Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:
  - Nemendur fá tækifæri til að tjá sig og skoðanir sínar á sínum forsendum (á viðeigandi máta).
  - Nemendur hvattir til að sýna samhyggð, umburðarlyndi og hlusta á aðra nemendur og taka tillit til þeirra.
  - Námsefni aðlagað að nemendum.

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Framsögn metin með þátttöku í Stóru upplestrarkeppninni.
- Mat á kynningum á verkefnum, í samþættingu við aðrar námsgreinar.
- Mat á hæfni til samvinnu.

Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi.
Skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum auk almennrar umsagnar.

Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor jafnóðum og lokið er mati á ákveðinni hæfni nemenda.

## 2.2.2 Lestur og bókmenntir

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Þjálfun í nákvæmnis- og leitarlestri
- Yndislestur
- Ljóðavinna
- Pals
- Þjálfun í lesskilningi
- Lestur mismunandi texta, s,s, ljóð, skáldsögur, frétta- og fræðitextar
- Lestur og bókmenntaverkefni úr Benjamín dúfu og Akam, ég og Annika.

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Töfraskinna
- Frjálslestarbækur
- Orðspor 3- lesbók og vinnubók
- Annar og þriðji Smellur
- Málrækt 3
- Efni af netinu
- Mms.is
- Benjamín dúfa
- Akam, ég og Annika
- Lesskilningsverkefni frá kennara
- Eldri samræmd próf

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla
- Umræður
- Skrifleg verkefni
- Skapandi skrif
- Vinnubókarvinna
- Einstaklings- sem og samvinnuverkefni
- Lestur þjálfaður daglega, bæði upphátt og í hljóði, heima og í skólanum.
- Fjölbreyttar sögur lesnar og verkefni unnar úr þeim.
- Lestur og lesskilningur þjálfaður, með lestri og greiningu á aðalatriðum texta
- Endursögn á lesnum texta
- Gagnvirk verkefni í spjöldum
- Unnið með ljóð
- PALS

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námsefni tengt við daglegt líf nemenda.
- Markviss þjálfun í lesskilningi.
- Hvatning til að lesa sér til gagns og ánægju.
- Upplestur bóka í nestistímum.
- Lestrarátak er tvisvar á ári.
- Mínútulestur
- "Býflugna"lestur
- Samlestur nemenda með Pals.
- Heimalestur sem og lestur upphátt í skóla.

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Bókmenntir/lesskilningur: Orðarún I og II fyrir 7.bekk, lesskilningskannanir.
- Lestrarpróf: Lesfimipróf Menntamálastofnunnar í október, janúar og maí.
- Fjölbreytt verkefni í samþættingu við aðrar námsgreinar.
- Í lokaverkefni í Benjamín dúfu og Akam, ég og Annika velja nemendur á hvaða hátt þeir skila verkefninu (t.d. með Imovie, Stopmotion, Kahoot, Book creator, líkönum eða ritgerð) og verk þeirra metin.

Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi.

Skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum auk almennrar umsagnar.
Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor jafnóðum og lokið er mati á ákveðinni hæfni nemenda.

### 2.2.3 Ritun

Tímafjöldi: 1 kennslustund á viku að jafnaði yfir skólaárið.

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Ritun og ritunaraðferðir
- Sóknarskrift
- Hugarkort
- Orðaforði
- Ritunarverkefni
- Helstu stafsetningarreglur og greinamerki (t.d. n/nn reglur, y/ý, ng/nk reglur, j/i, hv/kv, ei/ey, stór og lítill stafur).
- Endursögn

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Orðspor 3 – lesbók og vinnubók
- Þriðji Smellur
- Málrækt 3
- Myndefni
- Ritunarverkefni frá kennara
- Hugarkort
- Stafsetningarverkefni frá kennara
- Verkefni af Menntamálastofnun og Skólavefnum.
- Gagnvirkar stafsetningaræfingar
- Skapandi skrif

**iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun**

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Ritunaræfingar og uppbygging texta
- Einstaklings-, para- og hópavinna
- Skrifleg og rafræn verkefni
- Gagnvirk verkefni
- Vinnubókavinna
- Hugarkort

- Verkefni frá kennara

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námsefni tengt við daglegt líf nemenda.
- Nemendur skila ritun sinni bæði handskrifaðri eða rafrænt.
- Nemendur skila ritun sinni á fjölbreyttan hátt, t.d. sem heilum texta eða myndasögu.
- Einstaklingsmiðuð verkefni eftir færni og getu hvers og eins nemanda.
- Aðgangur að hjálpargögnum í ritun og stafsetningu, t.a.m. leiðréttingarforrit og orðabækur.

**iv. Námsmat og námsmatsaðlögun**

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Stafsetning: kannanir jafnt og þétt yfir skólaárið.
- Ritun: leiðsagnarmat.
- Verkefni þar sem skilgreindir þættir eru metnir.

Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi.
Skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum auk almennrar umsagnar.
Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor jafnóðum og lokið er mati á ákveðinni hæfni nemenda.

### 2.2.4 Málfræði

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nafnorð: Sérnöfn/samnöfn, fallbeyging, kyn, tala, greinir og stofn
- Sagnorð: nútíð/þátíð, nafnháttur, stofn, breyta sagnorðum í nafnorð
- Lýsingarorð: stigbreyting, fallbeyging með nafnorðum, stofn, kyn og tala
- Andheiti/samheiti
- Stafrófið
- Orðskilningur og málskilningur
- Fornöfn (þekkja þau og geta greint í texta): persónufornöfn, spurnarfornöfn, eignarfornöfn, ábendingarfornöfn, tilvísunarfornöfn og óákveðin fornöfn.
- Bein/óbein ræða

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Málrækt 3
- Orðspor 3 – lesbók og vinnubók
- Annar og þriðji Smellur
- Ýmis verkefni frá kennara
- Rafrænt efni
- Gagnvirkt efni
- Gömul samræmd próf

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Sýnikennsla
- Umræður
- Skrifleg verkefni
- Gagnvirk verkefni
- Rafræn verkefni
- Einstaklings-, para- og hópavinna
- Námsleikir
- Vinnubókarvinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námsefni tengt við daglegt líf nemenda
- Einstaklingsmiðuð verkefni eftir færni og getu hvers og eins nemanda.

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Kannannir jafnt og þétt yfir árið.
- Verkefni frá kennara þar sem skilgreindir þættir eru metnir.
- Þátttaka og virkni

Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi.
Skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum auk almennrar umsagnar.
Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor jafnóðum og lokið er mati á ákveðinni hæfni nemenda.

## 2.2.5 Íslenska sem annað mál

### Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað mál

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum skólastigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda. Áföngunum er skipt niður í stig sem miðast við færni í íslensku við lok hvers stigs. Í fyrsta lagi er miðað við byrjendur (stig1), svo lengra komna (stig2) og síðan lengst komna (stig3). Nemendur geta verið staddir á ýmsum stigum óháð aldri.

| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (stig 1)** |
|---|---|
| *Hlustun og talað mál:* | *Við lok stigs geti nemandi:*<br>• Skilið einföld skilaboð og brugðist við þeim.<br>• Spurt og beðið um útskýringar, m.a. á einstökum orðum og orðatiltækjum.<br>• Borði fram helstu málhljóð í íslensku og talað með nokkuð skýrum framburði.<br>• Tjáð tilfinningar sínar og sagt frá hugsunum sínum og reynslu.<br>• Tekið þátt í einföldu samtali og náð athygli viðmælanda. |
| *Lestur, bókmenntir og ritun:* | *Við lok stigs geti nemandi:*<br>• Lesið og skilið texta við hæfi og leitað eftir aðstoð þar sem skilning þrýtur.<br>• Lesið og miðlað bókmenntum á móðurmáli sínu og nýtt þá reynslu við lestur á íslenskum barnabókum.<br>• Notað íslenskt stafróf og tengt saman staf og hljóð.<br>• Beitt einföldum reglum um stafsetningu. |

| | |
|---|---|
| | • Skrifað stutta, einfalda frásögn, lýsingu eða skilaboð.<br>• Skráð athugasemdir og niðurstöður, t.d. í samstarfshópi. |
| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (stig 2)** |
| *Hlustun og talað mál:* | *Við lok stigs geti nemandi:*<br>• Tekið þátt í umræðum í skóla um námsefni og annað sem er á dagskrá.<br>• Lýst atvikum, persónum og hlutum og endursagt einfaldan texta sem hann hefur lesið.<br>• Spurt og svarað spurningum sem tengjast einstökum námsgreinum og beðið um aðstoð þegar þarf.<br>• Borið fram íslenskt mál án teljandi áhrifa frá móðurmáli sínu.<br>• Tekið þátt í samtali þar sem beita þarf útskýringum og rökum. |
| *Lestur, bókmenntir og ritun:* | *Við lok stigs geti nemandi:*<br>• Lesið einfalda texta reiprennandi sér til gagns og ánægju, svo sem stuttar sögur og umfjöllun um áhugavert efni, og tjáð sig um efni þeirra.<br>• Lesið auðlesnar íslenskar barnabókmenntir og bókmenntir á móðurmáli sínu, túlkað þær og tjáð sig um þær.<br>• Stafsett nokkuð rétt léttan texta og nýtt sér nokkrar meginreglur stafsetningar.<br>• Skrifað sögu eða greinargerð á skiljanlegu máli. Tjáð hugsanir sínar og reynslu í rituðu máli og miðlað til skólafélaga.<br>• Tekið virkan þátt í samvinnu með skólafélögum og lagt sitt lóð á vogarskálar við lausn verkefna sem krefjast umræðu, lestrar og ritunar.<br>• Notað aðgengileg gögn sér til aðstoðar við lestur og ritun, svo sem orðabækur og rafræn hjálpargögn. |
| **Efnisþættir:** | **Viðmið um námshæfni í íslensku sem annað tungumál (stig 3)** |
| *Hlustun og talað mál:* | *Við lok stigs geti nemandi:*<br>• Hlustað á sögu eða annan texta, endursagt efni hans í stuttu máli og túlkað.<br>• Beitt málfari og málhegðun sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælenda.<br>• Borið fram íslenskt málhljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjanda.<br>• Tekið þátt í umræðum og rökræðum um viðfangsefni og er óhræddur að leggja fram tillögur.<br>• Notað íslenskt mál sér til framdráttar í samskiptum við aðra, svo sem til að tjá hug sinn og þarfir. |
| *Lestur, bókmenntir og ritun:* | *Við lok stigs geti nemandi:*<br>• Valið og lesið sér til ánægju og fróðleiks margvíslegt efni á íslensku og nýtt fjölbreytt hjálpargögn sem skýra orð og orðasambönd.<br>• Valið sér bókmenntir, á íslensku og á móðurmáli sínu sem hæfa aldri og áhuga, skilið þær, túlkað og notað.<br>• Stafsett og gengið frá texta í samræmi við íslenskar reglur og notað orðabækur og vefefni sér til stuðnings.<br>• Dregið saman aðalatriði eða viðeigandi upplýsingar úr texta.<br>• Skrifað ritgerðir, skýrslur og frásagnir og átt samskipti með tölvu og valið stíl og málsnið eftir lesanda, efni og tilefni.<br>• Nýtt sér íslenskar vefsíður til fróðleiks og ánægju. |

Tímafjöldi: Fjöldi kennslustunda fer eftir þörf hvers og eins nemanda.

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Hlustun og skilningur
- Talað mál og framburður
- Samtöl og tjáning
- Lestur og bókmenntir
- Stafsetning
- Ritun
- Samvinna og gagnanotkun

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Stuðst er við skjöl (Flokkun námsefnis fyrir ÍSAT nemendur) frá Menntamálastofnun, Fræðslusviði Akureyrarbæjar og SÍSL (sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir) þegar námsgögn og kennsluefni eru valin.

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

- Kennslan er einstaklingsmiðuð og nemendur fá stuðning við að læra íslensku út frá eigin forsendum.
- Kennslan fer að mestu leiti fram í litlum hóp eða sem einstaklingskennsla.

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

- Verkefnavinna og frammistaða í tímum metin yfir skólaárið.
- Kannanir að vori.

## 2.3 Erlend tungumál Enska

### Námshæfni – viðmið og mat

Hæfniviðmiðum í erlendum tungumálum er skipt í þrjú stig. Stigin eru yfirviðmið sem útfærð eru fyrir hvern nemendahóp hverju sinni.
Tekið er mið af Evrópska tungumálarammanum og miðað við að þorri nemenda hafi náð hæfni á 3. stigi við lok grunnskóla.
Sá rammi sem unnin er fyrir hvern bekk í Öldutúnsskóla á við um þorra nemenda en á hverju skólaári miðar tungumálakennarinn hæfniviðmiðin við nemendahópinn.
Í 7. bekk er megin áhersla lögð á þá þætti sem snerta daglegt líf, þ.e. að nemendur geti tjáð sig munnlega um það sem snertir þá persónulega eða lýtur að áhugasviði þeirra.

### a. Viðmið um námshæfni í erlendum tungumál

| Hæfniþættir: | Viðmið um námshæfni í erlendum tungumálum |
|---|---|
| *Hlustun:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins og nýtt sér í ræðu og riti.<br>• Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.<br>• Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum. |
| *Lesskilningur:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.<br>• Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.<br>• Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómstundir og ferðalög. |
| *Samskipti:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.<br>• Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.<br>• Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal. |
| *Frásögn:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.<br>• Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda o.s.frv.<br>• Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra. |
| *Ritun:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.<br>• Samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín. |

| | |
|---|---|
| | • Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.<br>• Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv. |
| *Menningarlæsi:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Sýnt fram á að hann þekkir til siða og hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.<br>• Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra. |
| *Námshæfni:* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara þar fram.<br>• Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.<br>• Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.<br>• Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.<br>• Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu. |

### 2.3.1 Enska

Tímafjöldi: 3 kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

**i. Viðfangsefni í náminu**

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Samtöl
- Tjá skoðanir sínar
- Samskipti
- Geta bjargað sér við algengar aðstæður
- Áhersla á að auka almennan orðaforða
- Almenn undirstöðuatriði í málfræði
- Lesskilningur á enskum texta
- Ritun á einföldum texta á ensku

**ii. Námsgögn og kennsluefni**

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Action: lesbók, vinnubók (A og B) og hlustunarefni
- Enskar málfræðiæfingar C
- Léttar lestrarbækur og smásögur
- Orðabækur
- Ritunarverkefni frá kennara
- Samtalsverkefni frá kennara
- Kynningar
- Ýmis konar ítarefni, s.s. myndbönd, þættir, tónlist og kvikmyndir

- Rafræn verkefni
- Gagnvirk verkefni
- Samvinnuverkefni frá kennara

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Lesnir eru valdir kaflar úr Action-lesbók og samsvarandi kaflar úr vinnubókinni unnir.
- Nemendur vinna hlustunaræfingar
- Fjölbreytt málfræðiverkefni
- Ýmis ítarefni
- Glósuæfingar til að efla orðaforða
- Einfaldar bókmenntir lesnar og unnin verkefni úr þeim
- Einstaklings-, para- og hópavinna

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Námsefni tengt við daglegt líf nemenda.
- Tungumálahópar þar sem unnið er út frá mismunandi færni og getu nemenda
- Fjölbreytt samtals- og samvinnuverkefni
- Einstaklingsmiðuð verkefni

### iv. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Kynningar á ensku sem tengjast reynslu nemenda.
- Kannanir
- Leiðsagnarmat
- Ýmis verkefni metin
- Samtals- og samvinnuverkefni metin

Notast er við fimm tákn við mat á hæfni: hæfni ekki náð, þarfnast þjálfunar, á góðri leið, hæfni náð og framúrskarandi.
Skriflegar umsagnir fylgja með fögum eftir þörfum auk almennrar umsagnar.

Merkt er inn á hæfnikort nemenda á Mentor jafnóðum og lokið er mati á ákveðinni hæfni nemenda.

## 2.3.2 Erlend tungumál Danska

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku að jafnaði yfir skólaárið.

Hæfniviðmiðum í erlendum tungumálum er skipt í þrjú stig. Stigin eru yfirviðmið sem útfærð eru fyrir hvern nemendahóp hverju sinni.
Tekið er mið af Evrópska tungumálarammanum og miðað við að þorri nemenda hafi náð hæfni á 3. stigi við lok grunnskóla.
Sá rammi sem unnin er fyrir hvern bekk í Öldutúnsskóla á við um þorra nemenda en á hverju skólaári miðar tungumálakennarinn hæfniviðmiðin við nemendahópinn.
Í 7. bekk er megin áhersla lögð á þá þætti sem snerta daglegt líf, þ.e. að nemendur geti tjáð sig munnlega um það sem snertir þá persónulega eða lýtur að áhugasviði þeirra.

## Viðmið um námshæfni í Dönsku

| *Námshæfni* | *Við lok árgangs geti nemandi:*<br>• Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.<br>• Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.<br>• Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.<br>• Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar. |
|---|---|
| *Hlustun* | • Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá eða unnið úr því á annan hátt.<br>• Hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.<br>• Skilið í meginatriðum samtöl og viðtöl um efni tengt daglegu lífi og efni sem tengist viðfangsefnum námsins. |
| *Málfræði* | • Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á allgóð tök á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með. |
| *Lesskilningur* | • Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.<br>• Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra. |
| *Ritun* | • Skrifað texta af mismunandi gerðum, með stuðningi, t.d. gátlista og fyrirmynda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda. |
| *Menningarlæsi* | • Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.<br>• Sýnt fram á að hann þekki til siða og hefða viðkomandi mál- og menningasvæða og getur borið saman við eigin menningu. |
| *Samskipti* | • Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, á veitingastöðum og á ferðalögum.<br>• Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf. |

### i. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðaforði
- Lesskilningur
- Ritun
- Hlustun
- Tjáning

### ii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Start les og vinnubók
- Smart les- og vinnubók

- Málfræðiverkefni frá kennara
- Þættir á danska ríkisjónvarpinu
- Námsforrit á mms.is
- Rafrænt efni
- Gagnvirkt efni
- Duolingo app

### iii. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustundum er markvisst unnið með orðaforð og hlustunaræfingar.
- Nemendur hlusta á texta, vinna orðaforðaverkefni, skrifa texta, horfa á myndbrot.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

